

## Starfsfólk í framhaldsskólum í mars 2004

*Staff in upper secondary schools in March 2004*

*Samantekt* Í mars 2004 störfuðu 2.304 starfsmenn í 2.288 stöðugildum í 36 framhaldsskólum á Íslandi. Konum hefur fjölgað ár frá ári meðal starfsfólks í framhaldsskólum og eru þær 55% starfsmanna og í rúmlega 50% stöðugilda í mars 2004. Karlar vinna frekar yfirvinnu en konur eru fleiri í hlutastörfum. Karlar eru fleiri í stjórnunarstörfum en konur eru fleiri í störfum er tengjast stoðkerfi skólans og þjónustu hvers konar. Um 70% starfsmanna framhaldsskóla sinna kennslu og hafa 76,5% starfsfólks við kennslu kennsluréttindi. Hlutfallslega fleiri konur en karlar hafa kennsluréttindi og réttindakennarar eru hlutfallslega fleiri á höfuðborgarsvæðinu en á lands-byggðinni. Kennarastéttin er að eldast og eru flestir kennarar á aldrinum 50–59 ára. Árið 2000 voru flestir kennarar á aldrinum 40–49 ára. Þegar menntun framhaldsskólakennara er skoðuð hafa langflestir þeirra menntun sem samsvarar Bachelor-gráðu háskólastigs, eða 78%. Brottfall kennara hefur farið minnkandi ár frá ári frá skólaárinu 1999/2000. Rúmlega 17% starfsfólks við kennslu í mars 2003 var ekki við kennslu í mars 2004. Um þriðjungur kennara án kennsluréttinda í mars 2003 var ekki við kennslu ári seinna en rúmlega 11% kennara með kennsluréttindi.

### Inngangur

*Gagnasöfnun frá 1998*

Hagstofa Íslands hefur safnað upplýsingum um starfsfólk í framhaldsskólum á Íslandi ár hvert frá árinu 1998. Viðmiðunartími hefur verið marsmánuður frá árinu 2001 en fyrir þann tíma var gagnasöfnunin miðuð við febrúarmánuð. Að stofni til eru gögnin fengin frá Fjársýslu ríkisins, áður Ríkisbókhalda. Þar eru taldir allir starfsmenn opinberra framhaldsskóla sem fengið hafa laun í viðmiðunarmánuði hverju sinni. Gögn Fjársýslunnar eru send skólum til yfirlestrar og veita þeir nánari upplýsingar um störf, menntun og réttindi kennara. Upplýsingar um starfsfólk einkaskóla koma beint frá skólunum. Hér á eftir verða birtar helstu niðurstöður úr gagnasöfnun um starfsfólk framhaldsskóla í mars 2004 en auk þess vitnað í eldri tölur til samanburðar. Í tölunum er starfsfólk við kennslu talið vera allt starfsfólk sem sinnti kennslu í viðmiðunarmánuðinum, enda þótt kennsla sé ekki endilega aðalstarf starfsmannsins.

### Í framhaldsskólum starfa yfir 2.300 starfsmenn


*Yfir 2.300 starfsmenn í 2.288 stöðugildum*

Í mars 2004 var safnað gögnum frá 36 skólum á framhaldsskólastigi. Þar af voru 20 iðn- og fjölbrautaskólar, 8 menntaskólar og 8 sérskólar. Í þessum 36 framhaldsskólum voru samtals 2.304 einstaklingar að störfum í 2.288 stöðugildum. Í iðn- og fjölbrautaskólum störfuðu 1.626 starfsmenn, þar af 1.145 við kennslu; í menntaskólum 574, þar af 414 við kennslu. Í sérskólum á framhaldsskólastigi störfuðu 158 og þar af 91 við kennslu (mynd 1).



### Mynd 1. Starfsfólk framhaldsskóla eftir tegund skóla í mars 2004

Figure 1. Personnel in upper secondary schools by type of school in March 2004




### Konur eru meirihluti starfsmanna og í fleiri stöðugildum en karlar

Karlar vinna oftast yfirvinnu en konur eru fleiri í hlutastörfum

Konur voru ívið fjölmennari en karlar eða 55% allra starfsmanna framhaldsskólans. Þegar miðað er við heildarfjölda stöðugilda er minni munur á kynjunum en þar eru konur í rúmlega 50% stöðugilda. Starfandi konur á framhaldsskólastigi eru 1.259 í 1.152 stöðugildum en karlar eru 1.045 í 1.137 stöðugildum. Karlar eru því líklegri til að vera í fullu starfi og vinna yfirvinnu á meðan konur eru líklegri til að taka að sér hlutastörf. Mynd 2 sýnir að konur eru tæplega 4 af hverjum 5 starfsmönnum í hlutastörfum í hálfu til einu stöðugildi. Hlutur karlanna vex hins vegar umtalsvert þegar stöðugildið er orðið 1,25 eða hærra en þá eru þeir rúmlega 2 af hverjum 3 starfsmönnum.

### Mynd 2. Stöðugildi og kyn starfsfólks í framhaldsskólum í mars 2004

Figure 2. Full-time equivalents and sex of staff in upper secondary schools, March 2004



Þegar breytingar á fjölda starfsfólks í framhaldsskólum eru skoðaðar frá árinu 2000 kemur í ljós að starfsmönnum hefur fjölgað árlega frá árinu 2000 en stöðugildum frá árinu 2001 (tafla 1). Árið 2000 var gögnum safnað með febrúar sem viðmiðunarmánuð, sem kann að skipta máli. Konur eru fleiri en karlar meðal starfsmanna öll árin. Karlar vinna fleiri stöðugildi en konur fram til ársins 2002. Frá árinu 2003 vinna konur fleiri stöðugildi en karlar og munurinn eykst lítillega árið 2004. Í febrúar árið 2000 voru karlar í tæplega 54% stöðugilda í framhaldsskólum en í tæplega 50% stöðugilda í mars 2004.

**Tafla 1. Starfsfólk og stöðugildi í framhaldsskólum 2000–2004**

Table 1. Personnel and full-time equivalents in upper secondary schools 2000–2004

	Starfsfólk <i>Personnel</i>			Stöðugildi <i>Full-time equivalents</i>		
	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur
	<i>Total</i>	<i>Males</i>	<i>Females</i>	<i>Total</i>	<i>Males</i>	<i>Females</i>
2000	2.108	1.004	1.104	2.266	1.213	1.053
2001	2.117	986	1.131	2.102	1.085	1.018
2002	2.183	1.005	1.178	2.179	1.101	1.078
2003	2.274	1.035	1.239	2.266	1.129	1.137
2004	2.304	1.045	1.259	2.288	1.137	1.152

**Skýringar** Notes: Gögnin eiga við marsmánuð nema árið 2000 þegar febrúar var viðmiðunarmánuður. Data refer to March each year except for the year 2000, when February was the reference month.

## Framhaldsskólakennarar og leiðbeinendur fjölmennasti starfs- hópurinn


Um 70% starfsmanna sinna  
kennslu

Fjölmennasti starfshópurinn í framhaldsskólum eru framhaldsskólakennarar og leiðbeinendur. Af 2.304 starfsmönnum koma 1.613 með einum eða öðrum hætti að kennslu en það eru 70% starfsmanna framhalds-skólanna. Þessir starfsmenn hafa þó ekki allir starfsheitið framhaldsskólakennarar, heldur sinna sumir þeirra einnig öðrum störfum, svo sem stjórnendastörfum.

Þegar starfsheiti eru skoðuð í ljósi kynskiptingar má sjá að karlar eru mun fjölmennari í stjórnunarstörfum, en konur eru fjölmennari í þjónustustörfum og störfum er tengjast stoðkerfi framhaldsskólans (mynd 3). Af 36 skólameisturum eru 29 karlar (81%) en 7 konur (19%). Af 30 aðstoðarskólameisturum eru 23 karlar (77%) og 7 konur (23%). Kynjaskiptingin er öllu jafnari þegar kemur að kennurum og leiðbeinendum, þar sem kynjaskiptingin er svo til jöfn. Þegar kemur að ráðgjöfum hvers konar, skrifstofustörfum, húsvörslu og ræstingu eru konur svo í meirihluta.

### Mynd 3. Starfsheiti og kyn starfsfólks í framhaldsskólum í mars 2004

Figure 3. Occupation and sex of staff in upper secondary schools in March 2004



Translation see table 8.


### Starfsfólk við kennslu er rúmlega 1.600 talsins

Yfirvinna er algeng meðal karla í kennarastétt

Starfsmenn við kennslu í framhaldsskólum eru 1.613 talsins í 1.714 stöðugildum. Í framhaldsskólum eru karlar við kennslu fleiri en konur og hafa að jafnaði hærri stöðugildi en konur. Karlar eru 839 í 942 stöðugildum en konur eru 774 í 773 stöðugildum. Af 1.714 stöðugildum við kennslu er hlutur karla 55% en kvenna 45%. Úr gögnum um starfsmenn framhaldsskóla má lesa að yfirvinna er nokkru meiri meðal kennara en annarra starfsmanna skóla. Þannig eru rúmlega 35% starfsmanna við kennslu með stöðugildi 1,25 eða hærra en sambærileg tala meðal starfsfólks sem ekki fæst við kennslu er 9%. Af 153 kennurum sem hafa stöðugildi 1,5 eða hærra eru 112 karlar, eða 73% þessara starfsmanna (mynd 4).

### Mynd 4. Starfsfólk við kennslu eftir kyni og stöðugildi í mars 2004

Figure 4. Teachers by sex and full-time equivalents in March 2004




## Réttindakennurum fjölga árlega frá árinu 2001

Rúmlega 76% kennara hafa  
kennsluréttindi

Alls höfðu 76,5% þeirra sem störfuðu við kennslu á framhaldsskólastigi í mars 2004 kennsluréttindi, 73% karla og 80% kvenna (mynd 5). Frá árinu 2001 hefur réttindakennurum í framhaldsskólum fjölgað um 5,2 prósentustig (tafla 2). Að jafnaði hefur fjölgað um rúmlega 1 prósentustig á ári þar til að réttindakennurum fjölgaði um 2,6 prósentustig á milli áruna 2003 og 2004.

### Mynd 5. Hlutfall réttindakennara í framhaldsskólum 2000–2004

Figure 5. Percentage of licensed teachers in upper secondary schools 2000–2004



### Tafla 2. Starfsfólk við kennslu með kennsluréttindi 2000–2004

Table 2. Teaching personnel with teaching licence 2000–2004

	2000	2001	2002	2003	2004
<b>Alls Total</b>					
<b>Alls Total</b>	<b>1.479</b>	<b>1.565</b>	<b>1.589</b>	<b>1.647</b>	<b>1.645</b>
Með kennsluréttindi <i>With licence</i>	1.081	1.124	1.160	1.226	1.266
Án kennsluréttinda <i>Without licence</i>	398	441	429	421	379
<b>Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i></b>					
<b>Alls Total</b>	<b>892</b>	<b>977</b>	<b>997</b>	<b>1.050</b>	<b>1.044</b>
Með kennsluréttindi <i>With licence</i>	699	756	788	821	852
Án kennsluréttinda <i>Without licence</i>	193	221	209	229	192
<b>Utan höfuðborgarsvæðis <i>Outside of capital region</i></b>					
<b>Alls Total</b>	<b>587</b>	<b>588</b>	<b>592</b>	<b>597</b>	<b>601</b>
Með kennsluréttindi <i>With licence</i>	382	368	372	405	414
Án kennsluréttinda <i>Without licence</i>	205	220	220	192	187

**Skýringar** Notes: Gögnin eiga við marsmánuð nema árið 2000 þegar febrúar var viðmiðunarmánuður. Um tvítalningar er að ræða þar sem sami einstaklingur getur haft fleiri en eitt starfsheiti og/eða starfað við fleiri en einn skóla. Þegar ekki er vitað um réttindi starfsmanna við kennslu eru þeir eru ekki taldir með. *Data refer to March each year except for the year 2000, when February was the reference month. When employees are counted by schools or occupation they appear more than once since some are employed by more than one institution and/or have more than one occupation. When teaching licence is not known the teaching staff is excluded.*


## Fleiri réttindakennarar starfa á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni

Um 82% kennara á höfuðborgarsvæðinu hafa kennsluréttindi

Hlutfall réttindakennara er hærra á höfuðborgarsvæðinu en landsbyggðinni (mynd 6). Árið 2004 hafa 82% kennara á höfuðborgarsvæðinu kennsluréttindi en 68% kennara á landsbyggðinni. Í gögnum sem ná aftur til ársins 2000 var munurinn mestur á landsbyggð og höfuðborgarsvæði árið 2002, 16 prósentustig, en minnstur árið 2003, 10 prósentustig. Árið 2001 fækkar réttindakennurum hlutfallslega bæði á landsbyggð og höfuðborgarsvæði, heldur meira á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Þess má geta að verkfall framhaldsskólakennara hófst haustið 2000 og stóð fram á vormisseri 2001. Vera kann að réttindakennarar hafi frekar horfið úr kennarastéttinni skólaárið 2000–2001 en þeim fjölgar síðan hlutfallslega skólaárið 2001–2002. Réttindakennurum fjölgar hlutfallslega á höfuðborgarsvæðinu árið 2002 en verulegrar fjölgunar réttindakennara á landsbyggðinni verður vart árið 2003. Nemur sú aukning um 5 prósentustigum.

### Mynd 6. Réttindakennarar á höfuðborgarsvæði og landsbyggð 2000–2004

Figure 6. Licensed teachers in the capital region and other regions 2000–2004




## Fleiri kvenkennarar en karlkennarar hafa kennsluréttindi

Um 80% kvenkennara hafa kennsluréttindi

Þegar hlutfall réttinda- og réttindalausra kennara er skoðað í ljósi kynferðis má sjá að hlutfallslega mun fleiri kvenkennarar en karlkennarar hafa kennsluréttindi (mynd 7). Karlar eru þó fleiri í hópi réttindakennara til ársins 2004 þegar kvenkennarar með kennsluréttindi eru tveimur fleiri en karlkennarar (tafla 3). Mismunurinn á kynjunum á árunum 2000 til 2004 er á bilinu 5 til 8 prósentustig. Árið 2000 hafa um 77% kvenkennara kennsluréttindi en 69% karla við kennslu. Árið 2004 hafa 80% kvenkennara réttindi en 73% karlkennara. Það veur athygli að verkfallsárið 2000–2001 lækkar hlutfall kvenkennara með kennsluréttindi en hlutfall karlkennara með réttindi stendur í stað.

### Mynd 7. Réttindakennarar í framhaldsskólum eftir kyni 2000–2004

Figure 7. Licensed teachers in upper secondary schools by sex 2000–2004



### Tafla 3. Starfsfólk við kennslu eftir kennsluréttindum og kyni 2000–2004

Table 3. Teaching personnel by teaching licence and sex 2000–2004

	2000	2001	2002	2003	2004
<b>Alls Total</b>					
Alls Total	1.432	1.521	1.542	1.604	1.608
Með kennsluréttindi With licence	1.039	1.085	1.120	1.186	1.230
Án kennsluréttinda Without licence	393	436	422	418	378
<b>Karlar Males</b>					
Alls Total	806	828	833	847	836
Með kennsluréttindi With licence	558	570	574	600	614
Án kennsluréttinda Without licence	248	258	259	247	222
<b>Konur Females</b>					
Alls Total	626	693	709	757	772
Með kennsluréttindi With licence	481	515	546	586	616
Án kennsluréttinda Without licence	145	178	163	171	156

**Skýringar** Notes: Gögnin eiga við marsmánuð nema árið 2000 þegar febrúar var viðmiðunarmánuður. Data refer to March each year except for the year 2000, when February was the reference month.

### Kennarastéttin er að eldast

76% kennara 40 ára og eldri  
árið 2004

Allt frá árinu 2000 hafa flestir kennarar verið á aldrinum 40–49 ára (tafla 4). Árið 2004 eru hins vegar flestir kennarar í aldurshópnum 50–59 ára, 6 fleiri en í 40–49 ára aldurshópnum (mynd 8). Alls eru 31% kennara í hvorum aldurshópi. Í yngsta aldurshópnum, 29 ára og yngri, voru 6% starfandi kennara árið 2000 en 5% árið 2004. Frá árinu 2000 fjölga nokkuð í tveimur elstu aldurshópnum. Í elsta aldurshópnum hefur kennurum fjölgað um 28 (0,6 prósentustig) en í aldurshópnum 50–59 ára hefur kennurum fjölgað um 117, sem nemur 5 prósentustigum. Rúmlega 3 af hverjum 4 kennurum (76%) eru 40 ára og eldri. Á sama tímabili hefur ungum kennurum, þ.e. yngri en 40 ára, fækkað hlutfallslega. Þeir voru 27% allra starfandi kennara árið 2000 en eru 24% árið 2004.

**Tafla 4. Starfsfólk við kennslu í framhaldsskólum eftir aldri 2000–2004**


Table 4. Teaching personnel in upper secondary schools by age 2000–2004

	29 ára og yngri			60 ára og eldri		
	Alls Total	years and younger	30–39 ára years	40–49 ára years	50–59 ára years	years and older
2000	1.467	85	317	489	389	187
2001	1.534	91	305	513	435	190
2002	1.572	81	325	491	462	213
2003	1.623	90	319	506	493	215
2004	1.613	85	307	500	506	215

**Skýringar** Notes: Gögnin eiga við marsmánuð nema árið 2000 þegar febrúar var viðmiðunarmánuður. Data refer to March each year except for the year 2000, when February was the reference month.

**Mynd 8. Aldursskipting starfsmanna við kennslu 2000 og 2004**

Figure 8. Age distribution of teaching personnel 2000 and 2004

**Menntun kennara hefur lítið breyst frá árinu 2000**


78% kennara í framhaldsskólum hafa lokið ígildi Bachelor-gráðu

Af starfandi kennurum í framhaldsskólum árið 2004 hafa 2% lokið doktorsprófi, 15% meistaragráðu og 78% Bachelor-gráðu háskólastigs eða ígildi hennar (mynd 9). Afgangurinn, eða 5% starfandi kennara, hefur lokið prófi af framhaldsskólastigi eða að ekki er vitað um menntun þeirra. Menntun kennara hefur lítið breyst frá árinu 2000 en þá höfðu 2% lokið doktorsprófi, 14% lokið meistaraþrófi og 77% Bachelor-gráðu háskólastigs.



### Mynd 9. Menntun kennara í mars 2004

Figure 9. Teachers' education in March 2004



### Brottfall kennara úr starfi er minnkandi á árunum 1999 til 2004

Rúmlega 17% kennara haustið 2003 voru ekki við kennslu ári síðar


Þegar gögn frá árinu 1999 eru skoðuð má sjá að nokkur hreyfing er á starfsfólki við kennslu (tafla 5). Á vormisseri 1999 voru 1.516 starfsmenn við kennslu í framhaldsskólum landsins. Ári síðar eru 1.146 þeirra enn starfandi við kennslu eða 76%. Úr kennarastarfinu hafa því horfið 370 manns af einhverjum ástæðum eða 24% á þessu tímabili. Á mynd 10 kemur glögggt í ljós að brottfall úr kennslu er minnkandi ár frá ári. Á milli árunna 2003 og 2004 er það komið niður í 17% sem er 7 prósentustigum minna en árin 1999–2000. Rétt er að taka fram að brottfall er hér skilgreint sem breyting á milli tveggja samliggjandi ára. Ljóst er að ýmsar ástæður eru fyrir því að starfsmenn hverfa úr starfi og það brottvarf þarf ekki að standa lengi. Sumir þessara kennara koma aftur til starfa og einhverjir þeirra eru í tímabundnu leyfi frá störfum.

### Tafla 5. Brottfall starfsfólks við kennslu í framhaldsskólum 1999–2004

Table 5. Teachers' dropout in upper secondary schools 1999–2004

	Við kennslu að vori <i>Teaching in spring</i>	Ekki við kennslu ári síðar <i>Not teaching the following year</i>	Hlutfall ekki við kennslu, % <i>Percentage not teaching, %</i>
1999–2000	1.516	370	24,4
2000–2001	1.467	322	21,9
2001–2002	1.534	308	20,1
2002–2003	1.572	288	18,3
2003–2004	1.623	283	17,4

**Skýringar** Notes: Gögnin eiga við marsmánuð nema árin 1999 og 2000 þegar febrúar var viðmiðunarmánuður. Data refer to March each year except for the years 1999 and 2000, when February was the reference month.

**Mynd 10. Brottfall starfsfólks við kennslu úr starfi 1999–2004***Figure 10. Teachers' dropout 1999–2004*

Þegar brottfall með tilliti til aldurs er skoðað á milli árunna 2003 og 2004 má sjá að hlutfallslega flestir þeirra sem hafa hætt kennslu á þessu ári eru í yngsta aldurshópi kennara, 29 ára og yngri (tafla 6). Brottfall er 36% innan þessa aldurshóps. Hlutfallslega næstflestir eru í elsta aldurshópnum, 60 ára og eldri, en brottfall er 25% innan þess aldurshóps.

**Tafla 6. Brottfall starfsmanna við kennslu eftir aldri 2003–2004***Table 6. Teachers' dropout by age 2003–2004*

	Við kennslu í mars 2003 <i>Teaching in March 2003</i>	Ekki við kennslu í mars 2004 <i>Not teaching in March 2004</i>	Hlutfall ekki við kennslu, % <i>Percentage not teaching, %</i>
<b>Aldur Age</b>	<b>1.623</b>	<b>283</b>	<b>17,4</b>
29 ára og yngri <i>29 years and younger</i>	90	32	35,6
30–39 ára <i>years</i>	319	71	22,3
40–49 ára <i>years</i>	506	55	10,9
50–59 ára <i>years</i>	493	71	14,4
60 ára og eldri <i>60 years and older</i>	215	54	25,1

**Priðjungur réttindalausra kennara hættir kennslu á ári**

*Rúmlega 11% kennara með  
kennsluréttindi hættu störfum  
2003-2004*


Mikill munur er á brottfalli kennara eftir því hvort þeir hafa kennsluréttindi eða ekki. Þannig hafði þriðjungur (34%) starfsfólks við kennslu í mars 2003 sem ekki hafði kennsluréttindi hætt kennslu í mars 2004 (tafla 7). Á sama tíma hætti rúmlega 11% kennara með kennsluréttindi kennslu. Þegar tölur frá árinu 1999 eru skoðaðar má sjá að brottfall kennara fer minnkandi bæði meðal kennara með kennsluréttindi og annars starfsfólks við kennslu (mynd 11). Alls höfðu 17% kennara með kennsluréttindi í febrúar 1999 hætt kennslu í febrúar árið 2000 og rúmlega 42% annars starfsfólks við kennslu.

**Tafla 7. Brottfall starfsmanna við kennslu eftir kennsluréttindum 1999–2004**  
**Table 7. Teachers' dropout by teaching licence 1999–2004**

	Allir kennarar, % <i>All teachers, %</i>	Réttindakennarar, % <i>With licence, %</i>	Réttindalausir kennarar, % <i>Without licence, %</i>
1999/2000	24,4	17,0	42,4
2000/2001	21,9	15,4	37,9
2001/2002	20,1	13,2	36,7
2002/2003	18,3	12,1	33,6
2003/2004	17,4	11,5	33,6

**Skýringar** *Notes:* Gögnin eiga við marsmánuð nema árin 1999 og 2000 þegar febrúar var viðmiðunarmánuður.  
*Data refer to March each year except for the years 1999 and 2000, when February was the reference month.*

**Mynd 11. Brottfall starfsfólks við kennslu úr starfi 1999–2004**  
**Figure 11. Teachers' dropout 1999–2004**



**Tafla 8. Starfsfólk og stöðugildi í framhaldsskólum í mars 2004**Table 8. *Personnel and full-time equivalents in upper secondary schools in March 2004*

	Starfsfólk <i>Personnel</i>			Stöðugildi <i>Full-time equivalents</i>		
	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>
<b>Skólar alls</b> <i>Type of school</i>	<b>2.358</b>	<b>1.069</b>	<b>1.289</b>	<b>2.288</b>	<b>1.137</b>	<b>1.152</b>
Iðn- og fjölbrautaskólar <i>Comprehensive schools</i>	1.626	755	871	1.633	838	795
Menntaskólar <i>Grammar schools</i>	574	228	346	514	220	295
Sérskólar aðallega á framhaldsskólastigi <i>Specialised schools at upper secondary level</i>	158	86	72	141	79	62
<b>Aðsetur skóla</b> <i>Location of school</i>	<b>2.358</b>	<b>1.069</b>	<b>1.289</b>	<b>2.288</b>	<b>1.137</b>	<b>1.152</b>
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	1.438	637	801	1.438	682	755
Utan höfuðborgarsvæðis <i>Other regions</i>	920	432	488	851	454	397
<b>Starfsheiti</b> <i>Occupation</i>	<b>2.358</b>	<b>1.069</b>	<b>1.289</b>	<b>2.288</b>	<b>1.137</b>	<b>1.152</b>
Skólameistarar <i>Principals</i>	36	29	7	37	30	7
Aðstoðarskólameistarar <i>Assistant principals</i>	30	23	7	37	28	9
Stjórnendur á kennslusviði <i>Managers</i>	304	167	137	385	220	164
Framhaldsskólakennarar og leiðbeinendur <i>Teachers at upper secondary level</i>	1.325	660	665	1.295	680	615
Sérfræðingar og sérhæft starfsfólk <i>Professionals</i>	40	22	18	32	17	15
Ráðgjafar og starfsfólk á bókasafni <i>Counsellors, librarians, library assistants</i>	141	21	120	106	17	89
Skrifstofu- og tölvufólk <i>Clerks, computer personnel</i>	145	41	104	141	46	95
Starfsfólk við rekstur húsnæðis <i>School caretakers</i>	327	99	228	247	92	156
Annað <i>Other</i>	10	7	3	9	7	2
<b>Aldur</b> <i>Age</i>	<b>2.304</b>	<b>1.045</b>	<b>1.259</b>	<b>2.288</b>	<b>1.137</b>	<b>1.152</b>
29 ára og yngri <i>29 years and younger</i>	169	78	91	102	45	56
30–39 ára <i>years</i>	420	153	267	372	143	230
40–49 ára <i>years</i>	681	275	406	703	314	389
50–59 ára <i>years</i>	702	368	334	771	442	329
60 ára og eldri <i>60 years and older</i>	332	171	161	340	193	148
<b>Stöðugildi</b> <i>Full-time equivalents</i>	<b>2.304</b>	<b>1.045</b>	<b>1.259</b>	<b>2.288</b>	<b>1.137</b>	<b>1.152</b>
<0,5	340	140	200	85	28	57
0,5–0,74	217	46	171	125	26	100
0,75–0,99	184	39	145	154	33	121
1,0–1,24	931	391	540	1.015	432	584
1,25–1,49	455	306	149	615	415	200
1,50 og hærra <i>1.50 and higher</i>	177	123	54	293	203	90
<b>Menntun</b> <i>Level of education</i>	<b>2.304</b>	<b>1.045</b>	<b>1.259</b>	<b>2.288</b>	<b>1.137</b>	<b>1.152</b>
Háskólapróf, doktorsgráða <i>Doctorate, Ph.D.</i>	39	31	8	39	30	9
Háskólapróf, önnur gráða <i>Second university degree</i>	268	134	134	282	143	139
Grunnpr. á háskólastigi <i>Diploma or first univ. degree</i>	1.462	746	716	1.569	854	715
Próf á framhaldsskólastigi <i>Upper secondary level</i>	235	84	151	197	81	116
Grunnskólapróf eða minna <i>Primary or lower sec. level</i>	125	17	108	92	7	85
Ekki vitað <i>Unknown</i>	175	33	142	109	21	88

**Skýringar** *Notes:* Um tvítalningar er að ræða þar sem sami einstaklingur getur haft fleiri en eitt starfsheiti og/eða starfað við fleiri en einn skóla. *When employees are counted by schools or occupation they appear more than once since some are employed by more than one institution and/or have more than one occupation.*

**Tafla 9. Starfsfólk og stöðugildi við kennslu í framhaldsskólum í mars 2004**

Table 9. Teachers and full-time equivalents in upper secondary schools in March 2004

	Starfsfólk við kennslu			Stöðugildi		
	Teachers			Full-time equivalents		
	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>
<b>Skólar alls</b> <i>Type of school</i>	<b>1.650</b>	<b>857</b>	<b>793</b>	<b>1.714</b>	<b>942</b>	<b>773</b>
Iðn- og fjölbrautaskólar <i>Comprehensive schools</i>	1.145	621	524	1.247	716	531
Menntaskólar <i>Grammar schools</i>	414	180	234	388	174	213
Sérskólar aðallega á framhaldsskólastigi <i>Specialised schools at upper secondary level</i>	91	56	35	80	51	29
<b>Aðsetur skóla</b> <i>Location of school</i>	<b>1.650</b>	<b>857</b>	<b>793</b>	<b>1.714</b>	<b>942</b>	<b>773</b>
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	1.045	512	533	1.106	566	540
Utan höfuðborgarsvæðis <i>Other regions</i>	605	345	260	608	375	233
<b>Starfsheiti</b> <i>Occupation</i>	<b>1.650</b>	<b>857</b>	<b>793</b>	<b>1.714</b>	<b>942</b>	<b>773</b>
Skólameistarar <i>Principals</i>	12	10	2	13	11	2
Aðstoðarskólameistarar <i>Assistant principals</i>	22	17	5	28	21	6
Stjórnendur á kennslusviði <i>Managers</i>	282	158	124	361	211	150
Framhaldsskólakennarar og leiðbeinendur <i>Teachers at upper secondary level</i>	1.281	645	636	1.251	664	586
Sérfræðingar og sérhæft starfsfólk <i>Professionals</i>	12	7	5	11	7	3
Ráðgjafar og starfsfólk á bókasafni <i>Counsellors, librarians, library assistants</i>	29	10	19	35	13	22
Skrifstofu- og tölvufólk <i>Clerks, computer personnel</i>	9	7	2	12	10	2
Starfsfólk við rekstur húsnæðis <i>School caretakers</i>	1	1	–	1	1	–
Annað <i>Other</i>	2	2	–	3	3	–
<b>Aldur</b> <i>Age</i>	<b>1.613</b>	<b>839</b>	<b>774</b>	<b>1.714</b>	<b>942</b>	<b>773</b>
29 ára og yngri <i>29 years and younger</i>	85	42	43	66	32	34
30–39 ára <i>years</i>	307	125	182	281	115	166
40–49 ára <i>years</i>	500	237	263	547	276	271
50–59 ára <i>years</i>	506	304	202	586	369	217
60 ára og eldri <i>60 years and older</i>	215	131	84	235	150	84
<b>Stöðugildi</b> <i>Full-time equivalents</i>	<b>1.613</b>	<b>839</b>	<b>774</b>	<b>1.714</b>	<b>942</b>	<b>773</b>
<0,5	203	108	95	44	22	22
0,5–0,74	90	30	60	52	17	35
0,75–0,99	104	29	75	87	24	63
1,0–1,24	647	282	365	717	317	400
1,25–1,49	416	278	138	563	377	186
1,50 og hærra <i>1.50 and higher</i>	153	112	41	251	184	67
<b>Menntun</b> <i>Level of education</i>	<b>1.613</b>	<b>839</b>	<b>774</b>	<b>1.714</b>	<b>942</b>	<b>773</b>
Háskólapróf, doktorsgráða <i>Doctorate, Ph.D.</i>	34	27	7	34	26	8
Háskólapróf, önnur gráða <i>Second university degree</i>	234	117	117	248	125	122
Grunnpróf á háskólastigi <i>Diploma or first university degree</i>	1.259	656	603	1.364	753	610
Próf á framhaldsskólastigi <i>Upper secondary level</i>	74	34	40	64	35	29
Grunnskólapróf eða minna <i>Primary or lower sec. level</i>	3	–	3	2	–	2
Ekki vitað <i>Unknown</i>	9	5	4	3	1	2

**Skýringar** Notes: Um tvítalningar er að ræða þar sem sami einstaklingur getur haft fleiri en eitt starfsheiti og/eða starfað við fleiri en einn skóla. When employees are counted by schools or occupation they appear more than once since some are employed by more than one institution and/or have more than one occupation.

**Tafla 10. Starfsfólk við kennslu í framhaldsskólum eftir kennsluréttindum í mars 2004**

Table 10. Teachers in upper secondary schools by teaching licence in March 2004

	Alls við kennslu			Með réttindi			Án réttinda		
	<i>Teaching personnel</i>			<i>Licenced teachers</i>			<i>Unlicenced eachers</i>		
	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>
<b>Skólar alls</b> <i>Type of school</i>	<b>1.645</b>	<b>854</b>	<b>791</b>	<b>1.266</b>	<b>631</b>	<b>635</b>	<b>379</b>	<b>223</b>	<b>156</b>
Iðn- og fjölbrautaskólar <i>Comprehensive schools</i>	1.144	620	524	883	473	410	261	147	114
Menntaskólar <i>Grammar schools</i>	412	180	232	347	139	208	65	41	24
Sérskólar aðallega á framhaldsskólastigi <i>Spec. schools at upper sec. level</i>	89	54	35	36	19	17	53	35	18
<b>Aðsetur skóla</b> <i>Location of school</i>									
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	1.044	512	532	852	393	459	192	119	73
Utan höfuðborgarsvæðis <i>Other regions</i>	601	342	259	414	238	176	187	104	83
<b>Starfsheiti</b> <i>Occupation</i>									
Skólameistarar <i>Principals</i>	12	10	2	10	8	2	2	2	–
Aðstoðarskólameistarar <i>Assistant principals</i>	22	17	5	19	14	5	3	3	–
Stjórnendur á kennslusviði <i>Managers</i>	281	157	124	263	144	119	18	13	5
Framhaldsskólakennarar og leiðbeinendur <i>Teachers at upper secondary level</i>	1.279	644	635	947	454	493	332	190	142
Sérfr. og sérhæft starfsf. <i>Professionals</i>	10	6	4	2	1	1	8	5	3
Ráðgjafar og starfsfólk á bókasafni <i>Counsellors, librarians, library assistants</i>	29	10	19	22	8	14	7	2	5
Skrifstofu- og tölvufólk <i>Clerks, computer personnel</i>	9	7	2	3	2	1	6	5	1
Starfsfólk við rekstur húsnæðis <i>School caretakers</i>	1	1	–	–	–	–	1	1	–
Annað <i>Other</i>	2	2	–	–	–	–	2	2	–
<b>Aldur</b> <i>Age</i>	<b>1.608</b>	<b>836</b>	<b>772</b>	<b>1.230</b>	<b>614</b>	<b>616</b>	<b>378</b>	<b>222</b>	<b>156</b>
29 ára og yngri <i>29 years and younger</i>	84	42	42	20	2	18	64	40	24
30–39 ára <i>years</i>	306	124	182	196	72	124	110	52	58
40–49 ára <i>years</i>	497	235	262	388	168	220	109	67	42
50–59 ára <i>years</i>	506	304	202	433	254	179	73	50	23
60 ára og eldri <i>60 years and older</i>	215	131	84	193	118	75	22	13	9
<b>Stöðugildi</b> <i>Full-time equivalents</i>									
<0,5	203	108	95	62	32	30	141	76	65
0,5–0,74	89	30	59	56	15	41	33	15	18
0,75–0,99	104	29	75	81	20	61	23	9	14
1,0–1,24	644	280	364	542	221	321	102	59	43
1,25–1,49	416	278	138	363	237	126	53	41	12
1,50 og hærra <i>1.50 and higher</i>	152	111	41	126	89	37	26	22	4

Tafla 10. Starfsfólk við kennslu í framhaldsskólum eftir kennsluréttindum í mars 2004 (frh.)  
 Table 10. Teachers in upper secondary schools by teaching licence in March 2004 (cont.)

	Alls við kennslu			Með réttindi			Án réttinda		
	<i>Teaching personnel</i>			<i>Licensed teachers</i>			<i>Unlicensed teachers</i>		
	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>
<b>Menntun</b> <i>Level of education</i>									
Háskólapróf, doktorsgráða <i>Doctorate, Ph.D.</i>	34	27	7	30	23	7	4	4	–
Háskólapróf, önnur gráða <i>Second university degree</i>	233	116	117	202	91	111	31	25	6
Grunnpróf á háskólastigi <i>Dipl. or first university degree</i>	1.258	655	603	984	495	489	274	160	114
Próf á framhaldsskólastigi <i>Upper secondary level</i>	73	33	40	14	5	9	59	28	31
Grunnskólapróf eða minna <i>Primary or lower sec. level</i>	2	–	2	–	–	–	2	–	2
Ekki vitað <i>Unknown</i>	8	5	3	–	–	–	8	5	3

**Skýringar** *Notes:* Um tvítalningar er að ræða þar sem sami einstaklingur getur haft fleiri en eitt starfsheiti og/eða starfað við fleiri en einn skóla. Þegar ekki er vitað um réttindi starfsmanna við kennslu eru þeir eru ekki taldir með. *When employees are counted by schools or occupation they appear more than once since some are employed by more than one institution and/or have more than one occupation. When teaching licence is not known the teaching staff is excluded.*

### English summary

In March 2004 there were 2,304 members of staff in 36 upper secondary schools in Iceland working in 2,288 full-time equivalent jobs. The number of women has increased year by year and in March 2004 they are 55% of staff members and work just over 50% of all full-time equivalent jobs. Males are more likely to work overtime while women are more often found in part-time jobs. There are more men employed in administrative jobs while the number of women is higher in service and support related jobs. Approximately 70% of upper secondary school personnel teach and a total of 76.5% of all teaching personnel have a teaching licence. More women than men hold a licence and there are more licensed teachers in the capital region than in the rural areas. The teaching profession on the whole is ageing gradually. The largest age group of teachers is aged 50-59. In 2000 the largest age group was aged 40-49. When examining teachers' educational attainment it is found that 78% of teachers have a Bachelor's or equivalent degree. Teachers' dropout has decreased yearly since the school year 1999/2000. Over 17% of teaching personnel in March 2003 did not teach in March 2004. About one-third of teachers who were without a teaching licence in March 2003 did not teach in March 2004, while the same can be said about over 11% of licensed teachers.

**Hagtiðindi** **Skólamál**  
**Statistical Series** ***Education***

90. árgangur nr. 43 2005:4

ISSN 0019-1078 ISSN 1670-469X (pappír *paper*) • ISSN 1670-4703 (pdf)

Verð ISK 500 *Price EUR 6*

Umsjón *Supervision* Konráð Ásgrímsson • konrad.asgrimsson@hagstofa.is

Ásta M. Urbancic • asta.urbancic@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlega getið heimildar. *Please quote the source.*

[www.hagstofa.is/hagtidindi](http://www.hagstofa.is/hagtidindi) [www.statice.is/series](http://www.statice.is/series)